

ÚTHLUTUNARREGLUR

1. Einstaklingar

1.1 Hverjir eiga rétt á að sækja um styrki hjá Starfsþróunarsetri háskólamanna?

Rétt til að sækja um styrki til Starfsþróunarseturs háskólamanna hafa félagsmenn eftirfarandi aðildarfélaga BHM sem iðgjöld eru greidd fyrir til Starfsþróunarsetur háskólamanna:

Dýralæknafélag Íslands, Félag geislafræðinga, Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Félag lífeindafræðinga, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjuþjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga, Leikarafélag Íslands, Ljósmeðrafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag sjúkrahjálfa og Þroskaþjálfafélag Íslands.

Félagsmenn í starfi hjá stofnunum sem falla undir lög nr. 94/1986 teljast fullgildir aðilar um leið og greiðslur iðgjalda hefjast. Annars gildir að réttur hefst þegar iðgjöld hafa verið greidd í samtals sex mánuði, þar af samfellda þrjú mánuði áður en atburður sem leiðir til styrkumsóknar á sér stað.

1.2 Styrkhæfi verkefna

Eftirfarandi er styrkhæft:

- Nám á háskólastigi
- Faglegt nám, námskeið og ráðstefnur sem tengjast starfsþróun eða starfsferilþróun viðkomandi
- Tungumála- og upplýsingatækninám og námskeið

Rökstyðja þarf staðarval náms/námskeiðs erlendis. Að öllu jöfnu er ekki veittur styrkur fyrir ýmis konar verkefni sem tengjast sjálfshjálpi eða sjálfstyrkingu (t.d. núvitundarnámskeið, streitunámskeið, námskeið gegn kulnun o.fl.). Tólmstundanámskeið eru ekki styrkhæf.

1.3 Hvað er styrkt?

Styrkir eru veittir vegna eftirtalinnna kostnaðarpátta:

- Skólagjald
- Námskeiðsgjald
- Ráðstefnugjald
- Ferðakostnaður sem hlýst af A-C.

Styrkir eru veittir fyrir:

- Flugkostnaði

- b. Gistikostnaði
 - Eingöngu þær gistinætur sem falla til á meðan verkefni (t.d. ráðstefnu) stendur
 - Styrkur nær eingöngu til félagsmanns, ekki er greitt fyrir samferðafólk t.d. maka eða börn
- c. Samgöngum til og frá millilandaflugvelli erlendis
- d. Fastur styrkur vegna ferðakostnaðar innanlands:
 - Ef vegalengd frá lögheimili að náms-/ráðstefnustað eða millilandaflugvelli er lengri en 100 km. eru greiddar 15.000 kr. Ef sama vegalengd er lengri en 250 km. eru greiddar 30.000 kr.
 - Ef að vegalengd frá lögheimili að millilandaflugvelli er styttri en 100 km eru greiddar 7.000 kr.

Ekki eru greiddar ferðir innanbæjar, bensín, bílastæðagjöld eða leiga á bílaleigubílum.

1.4 Styrkfjárhæð

- A. Mánaðarlegt iðgjald að upphæð 2.100 kr. eða hærra veitir rétt á fullum styrk (425.000 kr. að hámarki á 24 mánaða fljótandi tímabili, sbr. gr. 1.5.)
- B. Mánaðarlegt iðgjald á bilinu 1.050 kr. - 2.099 kr. veitir rétt á hálfum styrk (212.500 kr. að hámarki á 24 mánaða fljótandi tímabili, sbr. gr. 1.5.)
- C. Iðgjald undir 1.050 kr. veitir ekki rétt til styrks.

1.5 Tími milli styrkveitinga

Hámarksstyrkur, sbr. grein 1.4., er veittur á 24 mánaða fljótandi tímabili talið frá fyrstu greiðslu (og í framhaldi af því eftir fyrstu greiðslu eftir endurnýjun styrks).

1.6 Greiðsla styrks

Greiðsla er innt af hendi gegn framvísun frumrits reiknings, eða ígildis þess, sem sannanlega er greiddur af umsækjanda sjálfum. Ef annar aðili, t.d. fyrirtæki, stofnun eða samstarfsfélagi, leggur út fyrir kostnaði þá þarf viðkomandi styrkumsækjandi að sýna fram á að hann hafi endurgreitt þeim aðila sem á í hlut fyrir sinn hluta kostnaðar.

Styrkir eru að jafnaði greiddir út í lok hvernar viku. Leitast er við að greiða styrki eins fljótt og aðstæður leyfa hverju sinni.

1.7 Afgreiðsla umsókn

Umsóknum skal skilað inn til Starfspróunarsetur háskólamanna með rafrænum hætti í gegnum þjónustugáttina Mínar síður BHM.

Stjórn Starfspróunarseturs háskólamanna sker úr um vafaatriði, t.d. um sjóðsaðild eða styrkhæfi umsókna og tekur á öðrum málum sem upp kunna að koma.

Sjóðsstjórn getur lækkað styrki taki aðrir þátt í kostnaði við verkefnið. Telji stjórn að umsókn til sjóðsins ætti að greiðast af öðrum áskilur hún sér rétt til þess að hafna umsókn og vekja athygli umsækjanda á því.

1.8 Ef vafi leikur á því hvort félagsmaður eigi rétt á heilum, hálfum eða engum styrk

Ef vafi liggur á því hvort félagsmaður eigi rétt á fullum eða hálfum styrk þá er reiknað út meðaltal inngreiðslna iðgjalda síðustu þriggja mánaða, talið frá þeim degi sem umsókn berst til sjóðsins. Ef reiknað meðaltal er 2.100 kr. eða hærra þá á viðkomandi rétt á fullum styrk.

Ef reiknað meðaltal inngreiðslna iðgjalda síðustu þriggja mánaða, talið frá umsóknardegi, er á bilinu 1.050 til 2.099 kr. þá á félagsmaður rétt á hálfum styrk.

Ef reiknað meðaltal inngreiðslna iðgjalda síðustu þriggja mánaða, talið frá umsóknardegi, er undir 1.050 kr. á viðkomandi ekki rétt á styrk úr sjóðnum.

1.9 Frestur til að skila greiðslugögnum

Greiðsla styrks er háð því að reikningur berist innan 12 mánaða frá lokum náms/verkefnis.

1.10 Styrkir í fæðingarorlofi, við atvinnumissi, launalaus leyfi og í langtímaveikindum

- A. **Fæðingarorlof** - Aðildarrof í fæðingarorlofi skerðir ekki möguleika á styrk enda sé stéttarfélagsgjald greitt á orlofstímabili.
- B. **Atvinnumissir** - Við atvinnumissi halda félagsmenn réttindum í allt að 12 mánuði. Aðildarfélagum er heimilt að framlengja þetta tímabil upp í 3 ár gegn því að greiða 0,7% iðgjald til STH af atvinnuleysisbótum frá upphafi atvinnuleysis félagsmanna sinna.
- C. **Veikindi** - Félagsmenn halda réttindum sínum á því tímabili sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga frá Sjúkrasjóði BHM eða Styrktarsjóði BHM.
- D. **Endurhæfingarlífeyrir** - Þeir sem þiggja endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun halda réttindum í allt að 12 mánuði. Aðildarfélagum er heimilt að framlengja þetta tímabil upp í 3 ár gegn því að greiða 0,7% iðgjald til STH frá upphafi töku endurhæfingarlífeyris félagsmanna sinna.
- E. **Launalaust leyfi** - Félagsmaður í launalaus leyfi á rétt á styrk samkvæmt reglum sjóðsins fyrstu sex mánuði að öðrum skilyrðum uppfylltum. Félagsmaður þarf að skila inn með umsókn sinni vottorði frá vinnuveitanda sem staðfestir að viðkomandi sé í launalaus leyfi frá sínum vinnustað.

1.11 Ábyrgð sjóðfélaga

Í þeim tilvikum er styrkumsókn uppfyllir skilyrði bæði Starfsþróunarseturs háskólamanna og Starfsmenntunarsjóðs BHM er það á ábyrgð sjóðfélaga að ákveða í hvorn sjóðinn sótt er um styrk. Þegar styrkur hefur verið greiddur út er því ekki hægt að bakfæra umsókn og færa á milli sjóða.

1.12 Tvígreiðsla eða ofgreiðsla styrks

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks verður leitast við að leiðrétta mistök eins fljótt og hægt er. Ef sjóðfélagi hefur fengið tvígreiddan styrk eða ofgreidda styrkupp hæð ber honum að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða sjóðnum þegar í stað hina ofgreiddu upphæð.

1.13 Málskotsréttur

Ef sjóðfélagi er ósáttur við afgreiðslu á styrkumsókn sinni á hann ávallt rétt á að vísa erindi sínu til stjórnar Starfspróunarseturs háskólamanna sem fjallar þá um umsóknina. Stjórn Starfspróunarseturs háskólamanna sker úr um afgreiðslu umsóknar á næsta fundi stjórnar.

1.14 Aðildarlok

Aðild félagsmanna að Starfspróunarsetrinu lýkur þegar greiðslum iðgjalda er hætt.

2. Stofnanir

2.1 Réttur til að sækja um styrki

Rétt til að sækja um styrki hafa þær stofnanir sem falla undir lög nr. 94/1986 og greiða iðgjöld til setursins vegna félagsmanna BHM sem þar starfa.

2.2 Styrkhæfi verkefna

Verkefni þurfa að falla að markmiðum stofnunar í starfspróunarmálum og taka til starfsmanna sem iðgjöld eru greidd fyrir til Starfspróunarseturs.

Starfspróunarsetur háskólamanna styrkir eftirfarandi:

A. Starfspróunaráætlanir

Að koma upp virku ferli við gerð starfspróunaráætlana innan stofnunar.

B. Verkefni sem byggja á starfspróunaráætlunum

Styrkir eru veittir til stofnana til að setja upp skilgreint verklag í mannauðsmálum sbr. eftirfarandi flokka í handbók Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

- a. Starfsmannastefna
- b. Mannaflagreining og mannaflaspá
- c. Starfsgreining, hæfni og starfslýsing
- d. Starfsmannasamtal og mat á frammistöðu
- e. Starfspróun
- f. Mannauðsmælikvarðar
- g. Teymisvinna

C. Verkefni sem snúa að þróun mannauðs og leiða af sér nýsköpun, framþróun og/eða breytt verklag.

Ekki eru styrkt verkefni sem eru hluti af reglubundinni starfsemi stofnunnar.

2.3 Umsókn

Umsóknum er skilað til Starfsþróunarseturs háskólamanna með þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt öðrum fylgigögnum (t.d. þátttakendalista). Á eyðublaði þarf að koma fram nafn forstjóra, framkvæmdarstjóra eða forstöðumanns þeirrar stofnunar sem um ræðir.

Ef annar aðili en forstjóri, framkvæmdarstjóri eða forstöðumaður stofnunar leggur inn umsókn fyrir hönd stofnunar þá þarf viðkomandi að skila inn undirrituðu umboði frá forstjóra, framkvæmdarstjóra eða forstöðumanni þeirrar stofnunar sem á í hlut.

2.4 Styrkfjárhæð

Stjórn ákvarðar hvaða fjármagni verður veitt í styrki til stofnana í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni. Ákvörðun þar að lútandi er að finna á heimasíðu setursins.

3. Aðildarfélög

3.1 Réttur til að sækja um styrki

Rétt til að sækja um styrki til Starfsþróunarseturs hafa þau aðildarfélög BHM sem talin eru upp í grein 1.1.

3.2 Styrkhæfi verkefna.

Fagnámskeið, ráðstefnur og verkefni er varða þróun í faginu eða starfi aðildarfélaga eru styrkhæf og eru styrkir veittir vegna kostnaðar við meðal annars eftirfarandi þætti:

- Fundarsalir
- Fyrirlesarar
- Verkefnisstjóri

Sendu þarf kostnaðaráætlun og uppgjör að lokinni ráðstefnu, námskeiðum eða verkefnum.

3.3 Umsókn

Umsóknum er skilað til Starfsþróunarseturs háskólamanna með þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt öðrum fylgigögnum (t.d. þátttakendalista). Á eyðublaði þarf að koma fram nafn formanns eða framkvæmdarstjóra þess aðildarfélags sem um ræðir.

Ef annar aðili en formaður eða framkvæmdarstjóri aðildarfélags leggur inn umsókn fyrir hönd aðildarfélags þá þarf viðkomandi að skila inn undirrituðu umboði frá formanni eða framkvæmdarstjóra þess félags sem á í hlut.

3.4 Styrkfjárhæð

Stjórn ákvarðar hvaða fjármagni verður veitt í styrki til aðildarfélaga í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni. Ákvörðun þar að lútandi er að finna á heimasíðu setursins.

4. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Bandalag háskólamanna

4.1 Réttur Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og Bandalags háskólamanna til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til Starfsþróunarseturs hafa Kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Bandalag háskólamanna.

4.2 Styrkhæfi verkefna

Námskeið, ráðstefnur og sérstök átaksverkefni er stuðla að eflingu starfsþróunar og mannauðs ríkisstofnana eru styrkhæf.

4.3 Umsókn

Umsóknum er skilað til Starfsþróunarseturs háskólamanna með þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt öðrum fylgigögnum (t.d. þátttakendalista). Á eyðublaði þarf að koma fram nafn formanns, framkvæmdarstjóra eða skrifstofustjóra.

Ef annar aðili en formaður, framkvæmdarstjóri eða skrifstofustjóri leggur inn umsókn þá þarf viðkomandi að skila inn undirrituðu umboði frá formanni, framkvæmdarstjóra eða skrifstofustjóra.

4.4 Styrkfjárhæð

Stjórn ákvarðar hvaða fjármagni verður veitt í styrki til Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og Bandalags háskólamanna í samræmi við áherslur stjórnar hverju sinni. Ákvörðun þar að lútandi er að finna á heimasíðu setursins.

5. Gildistökuákvæði

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn Starfsþróunarseturs háskólamanna 04.12.2019 og taka gildi við birtingu á heimasíðu BHM. Við gildistöku falla úr gildi eldri starfsreglur og aðrar ákvarðanir sem ekki eru í samræmi við reglur þessar. Samþykki stjórn Starfsþróunarseturs háskólamanna breytingar á reglum þessum verða þær kynntar á viðeigandi vettvangi og uppfærðar á heimasíðu BHM.



Reykjavík, 04.12.2019

Ína Björg Hjálmarsdóttir

Bragi Skúlason

Elfa Björt Hreinsdóttir

Sverrir Jónsson

Gunnar Björnsson

Elín Valgerður Margrétardóttir